



## ÚTBOÐ Á REKSTRI TJALDSVÆÐIS TÁLKNAFJARÐAR

Tálknafjarðarhreppur auglýsir til leigu aðstöðu og rekstur á tjaldsvæði Tálknafjarðar árið 2023 með möguleika á framlengingu um eitt ár.

Gert sé ráð fyrir að leigutaki taki við aðstöðunni og sjái um allan daglegan rekstur svæðisins, markaðssetningu, innheimtu afnotagjalda, umhirðu, og viðhald á svæðinu sem er um 7.000 fm. Leigutíminn er frá 1. maí 2023 til 30. september 2023 og gert ráð fyrir að svæðið opni fyrir viðskiptavinum ekki síðar en 15. maí 2023 og loki í fyrsta lagi 15. september 2023. Lögð er áhersla á að svæðinu verði vel við haldið en útlit tjaldsvæðisins er mikilvægt fyrir ásýnd sveitarfélagsins. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu og þekkingu á ferðaþjónustu.

Hægt er að hafa samband skrifstofu Tálknafjarðarhrepps til að fá frekari upplýsingar og gögn. Veittur er fyrirspurnarfrestur til kl. 12:00 þann 27. mars 2023. Tilboð skulu senda rafrænt á netfangið [talknafjordur@talknafjordur.is](mailto:talknafjordur@talknafjordur.is). Með tilboði skulu fylgja hugmyndir leigutaka um rekstur og þar á meðal tilboð um leigugreiðslu fyrir það tímabil sem um ræðir. Gefa skal upp nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer ásamt tilboðsgögnum.

**Tilboðum skal skila fyrir kl. 12:00 föstudaginn 31. mars 2023.**

Áskilinn réttur til að hafna öllum tilboðum. Öllum tilboðum verður svarað skriflega eftir að ákvörðun Tálknafjarðarhrepps liggur fyrir.

F.h. Tálknafjarðarhrepps,  
Ólafur Þór Ólafsson  
sveitarstjóri